

Heiti smiðju: Boccia

Dagur: 5.mars og 6. mars

Tími: 8:30 – 10.00

Staður/stofa: Gryfjan

Nemendafjöldi: 16

Markmið/stutt lýsing: Nemendur læra boccia-reglurnar og heyra líka um sögu og stöðu boccia í heimi og á Íslandi. Þeir spila boccia samkvæmt reglunum.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Nemendur sem taka þátt í boccia á Gróskudögum MÍ þurfa hvorki kennslugögn né sérstök íþróttaföt eða annan búnað. Í Gryfjunni er leikvöllur límdur á gólfið og kennarinn kemur með boccia-kúluset.

Kennari/leiðbeinandi: Stefan Gunther

Heiti smiðju: Borðspil

Dagur: 5.mars

Tími: 8:30- 10:00 og 10:30 -12:00

Staður/stofa: Stofa 5

Nemendafjöldi: 30 – 40

Markmið/stutt lýsing: Í þessari smiðju geta nemendur prófað að spila ýmiss konar borðspil að eigin vali. Á staðnum verða ólík spil úr fórum umsjónarmanns. Einnig er nemendum frjálst að koma með önnur spil sem þeir hafa áhuga á að spila.

Kennari/leiðbeinandi: Sólrún Geirsdóttir

Heiti smiðju: Félagsvist

Dagur: 6.mars

Tími: 13:00 – 14:30

Staður/stofa: Stofa 5

Nemendafjöldi: 36

Markmið/stutt lýsing: Í smiðjunni verður spiluð félagsvist á fjögurra manna borðum eftir ákveðnu kerfi. Spilaðar verða 12 umferðir.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Ekki þarf að kunna að spila vist til að vera með.

Kennari/leiðbeinandi: Sólrún Geirsdóttir

Heiti smiðju: Fréttasmiðja

Dagur: 6.mars.

Tími: 13.00 – 14.30

Staður/stofa: Stofa 3

Nemendafjöldi: 15-20

Markmið/stutt lýsing:

Kennari/leiðbeinandi: Emil Ingi Emilsson

Heiti smiðju: Frískandi er fjallagangan

Dagur: 5.mars

Tími: morguninn við fyrsta hanagal s.s. fyrsta tímabil 8:30 – 10:00

Staður/stofa: Hittumst fyrst í Gryfjunni

Nemendafjöldi: 25 - 30

Markmið/stutt lýsing: frískandi ganga um fjallasal Skutulsfjarðar með áherslu á að njóta göngunnar.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: koma vel klædd frá toppi til táar. Góðir gönguskór eru nauðsynlegir.

Kennari/leiðbeinandi: Emil Ingi Emilsson, svæðisleiðsögumaður

Heiti smiðju: Gengið til gagns og gleði um götur Ísafjarðarbæjar

Dagur: 6.mars

Tími: morguninn við fyrsta hanagal s.s. fyrsta tímabil 8:30-10:00

Staður/stofa: Hittumst fyrst í Gryfjunni

Nemendafjöldi: 25 - 30

Markmið/stutt lýsing: frískandi ganga um götur Ísafjarðarbæjar. Nemendur fræddir um byggðasögu Ísafjarðarbæjar með áherslu á húsin á Eyrinni. Gangan endar í kaffistoppi í Gamla bakaríinu

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: . koma hlýlega klædd og í góðum skóm sem henta í gönguferðir. Nemendur eiga einnig að taka með sér peninga fyrir kaffisopa, mjólk eða öðrum fljótandi vökva ásamt kaffibrauði.

Kennari/leiðbeinandi: Emil Ingi Emilsson

Heiti smiðju: Heimildamyndir úr síðari heimsstyrjöldinni

Dagur: 5.mars og 6. mars

Tími: 10:30 – 12:00 báða dagana

Staður/stofa: Stofa 6

Nemendafjöldi: 20

Markmið/stutt lýsing: Ætlunin er að skoða heimildamyndir úr síðari heimsstyrjöldinni, m.a. tengdar helförinni og ofsóknum nasista. Í kjölfarið verða umræður um efnið.

Kennari/leiðbeinandi: Andrea Sigrún Harðardóttir

Heiti smiðju: Iðnaðarsmiðjan

Dagur: 5. Mars og 6.mars

Tími: 13:00- 14:30

Staður/stofa: Verknámshús

Nemendafjöldi: 24

Markmið/stutt lýsing: Hugmyndin er sú að nemendur og eða kennarar komi með biluð tæki eða aðra hluti sem nemendur gera sjálfir við ýmist með aðstoð kennara eða öðrum nemum í smiðjunni. Tekið verður við öllum smærri tækjum og hlutum en þó ekki bifreiðum.

Kennari/leiðbeinandi: Friðrik Hagalín og Jón Guðni Guðmundsson

Heiti smiðju: Ísskúlpúr

Dagur: 5.mars og 6. mars

Tími: 5.mars 10.30 – 14: 30 / 6. mars 10:30 – 14:30 ATH tveir stokkar saman

Staður/stofa: hittast í Gryfjunni

Nemendafjöldi: 20

Markmið/stutt lýsing: nemendur fá tækifæri til að búa til ísskúlpúr fyrir framan skólann.

Kennslugögn/undirbúningur: Nemendur fá verkfæri frá kennurum.

Kennari/leiðbeinandi: Nadja Widell og Ragnheiður Fossdal

Heiti smiðju: Kahoot – Harry Potter

Dagur: 5. mars og 6. mars

Tími: 10:30 – 12:00 báða dagna

Staður/stofa: Stofa 4 þriðjudaginn og Stofa 5 miðvikudaginn

Nemendafjöldi: 25

Markmið/stutt lýsing: Nemendur fara í spurningakeppni um Harry Potter. Keppnin fer fram á ensku. Verðlaun í boði Keppni verður haldin tvisvar og má sami nemandinn ekki vinna tvisvar í röð

Kennari/leiðbeinandi: Kristján Sigurðsson

Heiti smiðju: Kahoot – Leonardo & co

Dagur: 5. mars

Tími: 8.30-10:00

Staður/stofa: Stofa 3

Nemendafjöldi: 20

Markmið/stutt lýsing: Nemendur fara í spurningakeppni um Leonardo & co.

Kennari/leiðbeinandi: Vera Ólafsdóttir

Heiti smiðju: Kvikmyndasmiðja

Dagur: 5. mars og 6. mars

Tími: 10: 30 – 12:00

Staður/stofa: Stofa 10-11

Nemendafjöldi: 15

Markmið/stutt lýsing: Franska kvikmyndin Dheepan um flóttafólk frá Sri Lanka skoðuð, farið er yfir uppbyggingu myndarinnar. Heppilegt er að sjá myndina áður því hún verður ekki öll sýnd í smiðjunni, en hún er aðgengileg á sarpi RUV frá 17. febrúar sl.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Heppilegt er að sjá myndina áður því hún verður ekki öll sýnd í smiðjunni, en hún er aðgengileg á sarpi RUV frá 17. febrúar sl.

Kennari/leiðbeinandi: Einar Þór Gunnlaugsson

Heiti smiðju: Ljósmyndamarafon

Dagur: 5.mars og 6. mars

Tími: 5. mars 8:30 – 10:00 / 6.mars 13:00 – 14: 30

Staður/stofa: Stofa 12

Nemendafjöldi: 30 - 40

Markmið/stutt lýsing: : Í þessari smiðju fá nemendur lista með titilum af ljósmyndum og eiga að taka myndir sem passa við hvern titil. Aðeins má skila inn einni mynd fyrir hvern titil. Nemendur birta myndir sínar í facebook hópi fyrir ljósmyndamarafonið. Keppt verður um bestu myndirnar. Nemendur geta unnið 1-3 saman.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Nemendur þurfa að koma með snjalltæki með myndavél, eða stafræna myndavél og tæki til að geta birt myndirnar á Facebook síðunni.

Kennari/leiðbeinandi: Anna Jóna Kristjánsdóttir

Heiti smiðju: Myndlistarsmiðja

Dagur: 5.mars og 6. mars

Tími: 5. mars 13:00 – 14: 30 / 6. mars 10:30-12:00

Staður/stofa: Stofa 10-11

Nemendafjöldi: 12

Markmið/stutt lýsing: Þrykk, síþrykk, monoþrykk og stensla. Ef nemendur vilja þá mega þeir koma með gamla boli, taupoka eða flík til að þrykkja á. annars verður þrykkt á pappír.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Ef nemendur vilja þá mega þeir koma með gamla boli, taupoka eða flík til að þrykkja á. Annars verður þrykkt á pappír.

Kennari/leiðbeinandi: Bryndís Guðrún Björgvinsdóttir

Heiti smiðu: Ofurhetjur í myndum og teiknimyndasögum

Dagur: 5. mars og 6. mars

Tími: 13.00 – 14. 30 5.mars / 10:30 – 12:00 6.mars

Staður/stofa: Stofa 13

Nemendafjöldi: 25

Lýsing: Í smiðjunni munu nemendur skoða og ræða saman um ofurhetjur í myndum og teiknimyndasögum

Kennari/leiðbeinandi: Fjölur Ásbjörnsson

Heiti smiðju: Pizzugerð

Dagur: 5.mars og 6. mars

Tími: 5.mars 13:00 – 14: 30

Staður/stofa: Mötuneyti

Nemendafjöldi: 8

Markmið/stutt lýsing: Nemendur vinna tveir og tveir saman og gera eina pizzu með aðstoð kennara. Mikilvægt er að nemendur muni að koma með álegg

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Nemendur koma með eigið álegg á pizzurnar.

Kennari/leiðbeinandi: Kristján Sigurðsson

Heiti smiðju: Skapandi skrif

Dagur: 5.mars

Tími: 8:30 – 12: 00 (ath tveir samliggjandi stokkar)

Staður/stofa: Stofa 4

Nemendafjöldi: 15

Markmið/stutt lýsing: Smiðjan er leidd af þeim Emmu Beynon og Jenny Valentine frá Wales. Þær eru rithöfundar, ljóðskáld og kennarar og nota ansi skemmtilegar aðferðir til að hjálfa sagnaandann. Þetta er frábært tækifæri fyrir nemendur sem hafa áhuga á því að skrifa t.d. sögur eða ljóð, leika, búa kvikmyndahandrit, snappa, eða vilja einfaldlega skemmta sér vel. Í smiðjunni verða gerðar margs konar æfingar sem efla sköpunarkraftinn og veita innblástur.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Mæta með skriffæri, stílabók / blöð og penna eða blýant, eða tölvu.

Kennari/leiðbeinandi: Emma Beynon, Jenny Valentine og Júlía Björnsdóttir

Heiti smiðju: Skíðaganga

Dagur: 5.mars

Tími: 13:00 – 14:30 ATH. Þeir sem ætla að leigja búnað þurfa að mæta aðeins fyrir.

Staður/stofa: Í skíðaskálann á Seljalandsdal

Nemendafjöldi: 16 - 20

Markmið/stutt lýsing: Skíðaganga er frábær valkostur í útivist og líkamsrækt.

Smiðjan er jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Farið verður yfir helstu tækniatriði og óskráðar reglur í skíðagöngubrautum.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Þeir sem ætla að leigja búnað þurfa að mæta aðeins fyrir.

Kennari/leiðbeinandi: Stella Hjaltadóttir

Heiti smiðju: Slakline

Dagur: 5.mars

Tími: 13: 00 – 14:30

Staður/stofa: Jónsgarður

Nemendafjöldi: 10

Markmið/stutt lýsing: Kynnast því að halda jafnvægi og ganga á línu.

Kennari/leiðbeinandi: Kolbrún Fjóla og kennaranemar.

Heiti smiðju: Slökun og Jóga

Dagur: 5.mars og 6. mars

Tími: 5. mars kl. 13:00- 14:30 / 6. Mars kl. 8:30 – 10: 00

Staður/stofa: Stofa 4

Nemendafjöldi: 15

Markmið/stutt lýsing: Farið yfir nokkrar grunnstöður í jóga síðan farið í slökun.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Æskilegt að þátttakendur komi með teppi og púða með sér í smiðjuna.

Kennari/leiðbeinandi: Andrea Sigrún Harðardóttir

Heiti smiðju: Smiðja starfsbrautar um sorp

Dagur: 5.mars

Tími: 5.mars 8:30 – 10:00

Staður/stofa: Stofa 9

Nemendafjöldi: 12

Markmið/stutt lýsing: nemendur minna okkur á hvernig við erum að fara með umhverfið okkar og opna augu okkar fyrir endurnýtingu.

Kennari/leiðbeinandi: Kolbrún Fjóla Arnarsdóttir

Heiti smiðju: Talnaspeki – Persónuleiki einstaklega fundin með talnaspeki

Dagur: 5. og 6. mars

Tími: 10:30 – 12:00

Staður/stofa: Stofa 14

Nemendafjöldi: 30

Markmið/stutt lýsing:

Nemendur finna sína örlogatölu, dulartölu, ævistarfstölu, líftölu og framtíðartölu. Þegar nemendur eru búnir að því þá fá þeir ljósrit frá kennara sem gefa upplýsingar um persónuleika nemenda út frá sínum tölum.

Nemendur þurfa að fá upplýsingar frá móður sinni hvenær á sólarhringnum þeir fæddust á fæðingardegi sínum. Nemendur munu fá upplýsingar um persónuleika sinn út frá þeim upplýsingum.

Ef tími vinnst til þá verður farið í:

- Hvaða upplýsingar blóðflokkar veita um einstaklinga.
- Hvað upplýsingar má lesa út úr litum
- Stjörnumerkin og rétt fæða.
- Kínversku stjörnumerkin.
- Talnaspeki húsnúmera.
- Hvað segir fæðingarmánuðurinn þinn um þig?
- Hvernig eiga pör saman út frá nöfnum þeirra?

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Auð A4 blöð og ljósrit sem kennari útvegar.

Kennari/leiðbeinandi: Jóhann Kristjánsson

Heiti smiðju: Tónlistarsmiðja

Dagur: 5.mars

Tími: 13:00-14:30

Staður/stofa: Stofa 3

Nemendafjöldi: 10 - 15

Markmið/stutt lýsing: Starfið í tónlistarsmiðjunni felst í því að njóta góðrar tónlistar og lagasmíðum. Nemendur geta komið með tónlist til að hlusta á. Þá er einnig gert ráð fyrir að þeir fái tækifæri til að semja sína eigin tónlist og/eða æfa lög til flutnings á sal.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: eigið hyggjuvit, hljóðfæri fyrir þá sem vilja semja tónlist eða spila á það og tölva

Kennari/leiðbeinandi: Emil Ingi Emilsson

Heiti smiðju: Víkingaskák

Dagur: 5.mars og 6. mars

Tími: 10:30-12:00 báða dagana

Staður/stofa: Stofa 6

Nemendafjöldi: 10-14

Markmið/stutt lýsing: Markmið smiðjunnar er að kynna nemendum hinn einstaka heim víkingaskákarinnar. Farið verður yfir mannganginn og reglur víkingaskákar og að því búnu tefla þátttakendur hver við annan.

Kennari/leiðbeinandi: Guðjón Torfi Sigurðsson

Heiti smiðju: Vorleikar

Dagur: 5.mars og 6.mars

Tími: 13: 00 – 14:30 báða dagana

Staður/stofa: Hittast í Gryfjuni

Nemendafjöldi: 20

Markmið/stutt lýsing: Útileikir eins og snú snú, parís og teygjutvist.

Kennari/leiðbeinandi: Nadja Widell og Hildur Halldórsdóttir

Heiti smiðju: Þrautþraut

Dagur: 6.mars

Tími: 8:30-10:00

Staður/stofa: Íþróttahúsið

Nemendafjöldi: 30

Markmið/stutt lýsing: Brautakeppni (styrktar og þol).

Undirbúningur: mæta í íþróttafötum og íþróttaskóm og með handklæði.

Kennari/leiðbeinandi: Íþróttakennaranemar og Kolbrún Fjóla Arnarsdóttir